

til útlanda eða reynt að flytja til útlanda eða seldar til útlanda eða gjörðir samningar um sölu til útlanda eða eru í vörslum manna eða fjelaga 28. febrúar 1919, 11. júní og eru allar slíkar afurðir að veði fyrir sektunum. **91**

8. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

Áður en dómari úrskurði sektir, án þess að mál fari fyrir dóm, skal málið borið undir stjórnarráðið.

9. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum reglugjörðar þessarar, sker stjórnarráðið úr ágreiningnum.

10. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað og fellur jafnframt úr gildi reglugjörð um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins frá 22. apríl þ. á., svo og auglýsing útg. 24. maí þ. á.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 11. júní 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

um innflutning á vörum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjer með sett eftirfarandi fyrirmæli:

92
11. júní

1. gr.

Engar vörur má flytja hingað til lands frá útlöndum nema til þess sje fengið leyfi innflutningsnefndar þeirrar, er skipuð var 3. þ. m. Frá þessu eru þó undanskildar þær vörur, er landsverslunin fyrir hönd landsstjórnarinnar sjer um að fluttar sjeu til landsins. Innflutningsnefndin hefir skrifstofu í Reykjavík.

2. gr.

Peir sem vilja fá leyfi innflutningsnefndar til þess að flytja vörur til landsins skulu, um leið og þeir snúa sjer til hennar, gefa upplýsingar um vörutegundir þær og vörumagn er þeir vilja fá innflutningsleyfi fyrir, svo og hvaðan vörurnar eiga að koma og ákvörðunarstaðinn hjer á landi. Enn fremur er vöruiinnflytjendum skylt að gefa innflutningsnefndinni skýrslur yfir þær vörutegundir og vörumagn, er þeir hafa flutt til landsins næstliðin 3 ár, 1915, 1916 og 1917, og að öðru leyti að viðlögðum drengskap láta henni í tje þær frekari upplýsingar, gögn og staðfestingar, er hún kann að óska.

3. gr.

Innflutningsnefndin má ekki veita innflutningsleyfi nema um takmarkaðan tíma og gegn því að sá, er flytja vill inn vörur, skuldbindi sig til að afhenda innflutningsnefndinni eftirrit af hverjum vörureikningi (factura) jafnskjótt og vörurnar koma til landsins og vörureikningarnir koma í hans hendur.

4. gr.

Þegar vörureikningar frá útlöndum eru afhentir samkvæmt 3. gr., skal jafnframt greiða innflutningsnefndinni 1 af hundraði af fjárhæð hvers vörureiknings sem borgun fyrir innflutningsleyfið, þó aldrei minna en 2 kr.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar, varða sektum alt að 100000 kr., enda varði brotið ekki þyngri refsingu að lögum. Vörur þær, sem eru fluttar til landsins án þess, að gætt sje ákvæða þessarar reglugjörðar, eru að veði fyrir sektunum.

6. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

Áður en dómari úrskurði sektir, án þess að mál fari fyrir dóm, skal málið borið undir stjórnarráðið.

7. gr.

92

11. júní

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 11. júní 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglur

93

11. júní

og leiðbeiningar um sölu og útflutning á óþurkuðum saltfiski.

(Tilkynning nr. 1 frá útflutningsnefndinni).

1. gr.

Samkvæmt samningi á milli stjórna Bandamanna og íslensku stjórnarinnar er skylt að bjóða fulltrúa Bandamanna hjer í Reykjavík allar íslenskar afurðir til kaups, jafnóðum og þær eru tilbúnar til útflutnings, að því leyti sem þær eigi verða notaðar í landinu sjálfu.

Öll sala fer fram gegnum landsstjórnina, og annast útflutningsnefndin allar framkvæmdir á henni samkvæmt auglýsingu stjórnarráðsins, dags. 3. þ. m., og enn fremur reglugjörð stjórnarráðsins, dagsettri í dag.

2. gr.

Samkvæmt samningum ber að afhenda fiskinn á þessum höfnum: Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum. En fulltrúi Bandamanna hefir fallist á við nefndina að kaupa óþurkaðan saltfisk fyrst um sinn til 31. júlí, einnig á þessum stöðum: Keflavík, Hafnarfirði, Stykkishólmi, Patreksfirði, Þingeyri, Siglufirði og Norðfirði. Er þess þó krafist um Keflavík, að þar verði á boðstólum minst 200 smálestir og Stykkishólmi minst 100 smálestir.